

Ed.

287. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Etir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Tölul. 1 orðist svo:

Af allskonar öli, limónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0.20 af hverjum lítra.

b. Tölul. 7 orðist þannig:

Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki, kr. 3.00 af hverju kílógr.

c. Tölul. 8 orðist þannig:

- Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 6.00 af hverju kilógr.
- d. Tölul: 15 orðist þannig:
Af öllum brjóstsýkur- og konfekttegundum kr. 1.25 af hverju kilógr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.